

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 148/2018

2021/EES/13/26

frá 6. júlí 2018

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 813/2013 frá 2. ágúst 2013 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun hitara fyrir rými og sambyggðra hitara ⁽¹⁾.
- 2) II. og IV. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 6q (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2281) í IV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„6r. **32013 R 0813:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 813/2013 frá 2. ágúst 2013 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun hitara fyrir rými og sambyggðra hitara (Stjtið. ESB L 239, 6.9.2013, bls. 136).“

2. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 26r (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2281) í IV. viðauka við EES-samninginn:

„26s. **32013 R 0813:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 813/2013 frá 2. ágúst 2013 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun hitara fyrir rými og sambyggðra hitara (Stjtið. ESB L 239, 6.9.2013, bls. 136).

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 813/2013, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 239, 6.9.2013, bls. 136.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.